



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Borgartúni 3
105 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Rvík, 20. september 2007

Tilvísun: UST20070800072/sf

Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, háspennulínur og hitaveituæð

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 16. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 ásamt umhverfisskýrslum.

Um er að ræða eftirtaldar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur:

1. Hellsisheiðaræð, þ.e. lagningu niðurgrafinnar hitaveituæðar frá Hellsisheiðarvirkjun að miðlunartönkum í Reynisvatnsheiði.
2. Nesjavallalína 2, þ.e. lagningu 145 kV jarðstrengs frá Nesjavallavirkjun að spennistöð í Geithálsi.
3. Lagningu tveggja nýrra háspennulína, þ.e. 245 kV Kolviðarhólslínu 1 að spennistöð á Geithálsi og 420 kV Búrfellslínu 3 að spennistöð við Straumsvík.

Lagning 145 kV jarðstrengs frá Nesjavallavirkjun að Geithálsi

Í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni kemur fram að fyrirhugað er að Landsnet leggi 145 kV jarðstreng frá Nesjavallavirkjun að Geithálsi. Jarðstrengurinn mun að mestu liggja samsíða núverandi vegum, Nesjavallaleið og Hafravatnsvegi eða Nesjavallaæð. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 1. júní 2007 er lagning 145 kV jarðstrengs frá Nesjavöllum að Geithálsi (Nesjavallalína 2) ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Vatnsverndarsvæði

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni kemur fram endinn á leiðinni við Geitháls liggja um fjarsvæði vatnsbóla. Áhrifin séu metin óveruleg sama hvaða valkostur verði valinn.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar kemur fram að Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að mengunarhætta sé til staðar við lagningu jarðstrengsins á fjarsvæðum vatnsverndarsvæða. Stofnunin tekur þó undir umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um mikilvægi þess að varúðarreglum fyrir verktaka, m.a. um notkun mengandi efna, sé fylgt þegar unnið sé innan

vatnsverndarsvæða. Auk þess tekur stofnunin undir umsögn Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins um nauðsyn samráðs um allar nauðsynlegar mengunarvarnir á framkvæmdatíma við umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í umhverfisskýrslunni að þessa samráðs verði gætt.

Mótvægisáðgerðir og vöktun

Í kafla 2.2 í umhverfisskýrslu er fjallað um mótvægisáðgerðir og vöktun og segir þar m.a.:

„Mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til eru þær að græða þarf upp það jarðrask sem verður af framkvæmdinni þar sem áður var gróið. Annars eru ekki lagðar til neinar mótvægisáðgerðir þar sem áhrif breytingarinnar eru ekki talin valda verulegum áhrifum á umhverfið. Sveitarfélagið telur ekki þörf á eiginlegri vöktunaráætlun í tengslum við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 1. júní sl. um matsskyldu framkvæmdarinnar segir m.a.:

„Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.“

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um mótvægisáðgerðir og vöktun í umhverfisskýrslu verði að taka mið af framangreindri niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna, sbr. þó ábendingar hér að framan.

Lagning stofnæðar hitaveitu um Geitháls og Reynisvatnsheiði

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að í aðalskipulagi Reykjavíkur 2002-2024 er gert ráð fyrir aðveituæð hitaveitu frá Hellisheiðarvirkjun að miðlunartönkum í Reynisvatnsheiði. Alls er lögnin um 19,2 km að lengd. Gert er ráð fyrir niðurgrafinni lögn sem mun í meginatriðum liggja sunnan Sogslínu 2. Innan Reykjavíkur liggur hún á um 2,5 km kafla frá Hafravatnsvegi, til vesturs sunnan Geitháls og til norðurs með vegi Orkuveitu Reykjavíkur að miðlunartönkunum á Reynisvatnsheiði.

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni segir m.a. að framkvæmin hafi farið í mat á umhverfisáhrifum árið 2003 og að Skipulagsstofnun hafi fallist á framkvæmdina án skilyrði varðandi lagningu stofnæðarinnar. Umhverfisstofnun vekur athygli á að framangreint er ekki alls kostar rétt þar sem eitt þeirra skilyrða sem sett var fyrir framkvæmdinni var að Orkuveita Reykjavíkur endurheimti votlendi á Suðvesturlandi sem er a.m.k. jafnt að flatarmáli og það votlendi sem raskast í Elliðakotsmýrum eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi landeigendur og sveitarstjórnir, sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2004.

Samráð

Í kafla 1.6 er fjallað um helstu samráðsaðila. Umhverfisstofnun er tilgreind og segir þar um hana: *„Lögbundinn umsagnaraðili vegna aðalskipulagsbreytinga og umhverfismats áætlana. Samráð vegna vatnsverndarsvæða og mengunarmála.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að hlutverk stofnunarinnar við umsagnir um skipulagsáætlanir er almennt víðtækara en það sem snýr að mengunarmálum sbr. t.d. ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna, sbr. þó ábendingar hér að framan.

Lagning háspennulína, Kolviðarhóslína 1 og Búrfellslína 3

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að vegna áforma um virkjanir á Hellisheiði við Hverahlíð og áætlana um aukna orkuþörf á suðvesturhorninu hafi Landsnet í hyggju að styrkja raforkuflutningskerfið á Suðvesturlandi frá Hellisheiði að Straumsvík. Í því skyni verður ráðist í lagningu á 245 kV Kolviðarhóslínu 1 frá Kolviðarhóli að Geithálsi og 420 kV Búrfellslínu 3 frá Sandskeiði að Stórhöfða, Hrauntungum eða Straumsseli). Framkvæmdirnar eru áfangi í langtímauppbyggingu í raforkuflutningskerfi á Suðvesturlandi, þ.m.t. 420 kV kerfis. Fram kemur að með byggingu ofangreindra lína sé gert ráð fyrir að Sogslína 2, frá Sandskeiði að Geithálsi, verði lögð af.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að aðrir valkostir varðandi legu línanna séu ekki taldir koma til greina, því það liggja beinast við að láta línurnar liggja samsíða núverandi línunum.

Vatnsverndarsvæði

Samkvæmt greinargerð með skipulagstillögunni er Kolviðarhóslína á fjarsvæði vatnsverndar og Búrfellslína 3 liggur um grannsvæði vatnsverndar. Í umhverfisskýrslu segir hins vegar að nýr línukafli Búrfellslínu 3 fari yfir svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem vatnsverndarsvæði II eða fjarsvæði vatnsbóla. Þá segir í umhverfisskýrslu að gert sé ráð fyrir að fylgt verði þeim öryggisreglum sem heilbrigðiseftirlitin hafa gefið út fyrir verktaka og aðra sem eiga erindi inn á vatnsverndarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að við umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar vöktu Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu athygli á að samkvæmt sérstakri samþykkt nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu séu framkvæmdir á grannsvæði starfsleyfisskyldar og fyrirhugaðar framkvæmdir á fjarsvæðum það hugsanlega einnig, sbr. umfjöllun í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2004. Þar kemur einnig fram að framkvæmdaraðrili þurfi að hafa samráð við heilbrigðisnefndir á svæðinu áður en framkvæmdir við lögnina hefjist og þurfi að afla nauðsynlegra leyfa á grundvelli fyrrnefndrar samþykktar.

Önnur umhverfisáhrif

Í umhverfisskýrslunni eru áhrif á á landslag og sjónræn áhrif metin sem neikvæð en áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, friðlýst svæði og svæði á náttúruinjasrá og útivist og ferðamennsku eru talin vera óveruleg, sbr. töflu 3. Umhverfisstofnun telur að frekari rökstuðning vanti fyrir því að áhrif á framangreinda þætti séu óveruleg. Búrfellslína 3 liggur að hluta til um Bláfjallafólkvang, en fólkvangar eru svæði sem eru friðlýst í þeim tilgangi að tryggja almenningi aðgang að svæðum til að njóta útivistar. Talsverð útivist

er á því svæði sem línurnar liggja um. Benda má á að lagfæring slóða á svæðinu og lagning nýrra getur leitt til aukinnar vélknúinnar umferðar sem getur haft neikvæð áhrif á útivist á svæðinu.

Í umfjöllun um sjónræn áhrif í umhverfisskýrslu segir að þau áhrif muni aukast þar sem ný möstur bætist við og endurbyggð möstur verði hærri en nú er og því sýnilegri í landslagi. Þá segir að til mótvægis við þessa uppbyggingu muni Sogslína 2 verða rifin og neikvæð sjónræn áhrif því verða lítil. Umhverfisstofnun vekur athygli á að niðurrif á Sogslínu 2 getur ekki talist til mótvægisáðgerða vegna lagningar Búrfellslínu 3 þar sem línurnar liggja ekki um sama svæði, sbr. legu Búrfellslínu 3 um Húsafellsbruna.

Í umfjöllun um jarðmyndanir segir:

„Áhrif á jarðmyndanir eða jarðfræði eru talin vera óveruleg þar sem fylgt er þegar röskuðum svæðum og fyllingarefni verður keypt hjá efnissölum. Það sama má segja um gróðurfar að ekki er talið að áhrif verði neikvæð þar sem notast verður við núverandi vegslóðir og mastursstæði að hluta.“


Umhverfisstofnun vekur athygli á að þrátt fyrir að fylgt verði háspennulínu sem fyrir er á svæðinu og núverandi vegslóðar notaðir að hluta verður óhjákvæmilega um að ræða aukið risk á jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. eldhrauni. Jafnframt verður um að ræða aukið risk á gróðri vegna framkvæmdanna.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að nauðsyn sé á ítarlegri rökstuðningi fyrir niðurstöðum í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til athugasemda við framkvæmdirnar við umfjöllum um mat á umhverfisáhrifum þeirra

Viðfangarfullst


Sigríós Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.